

## **Samþykkt um meðferð starfsumsóknna.**

Bæjarstjórn Akraness samþykkir að Akraneskaupstaður og stofnanir hans skuli ekki vera bundinn af áskilnaði umsækjenda um störf hjá Akraneskaupstað um nafnleynd gagnvart almenningi og gildi um það svofelldar reglur,

### **um aðgang almennings að upplýsingum um umsækjendur um stöður hjá Akraneskaupstað.**

#### 1. gr.

Reglur þessar taka til Akraneskaupstaðar og stofnana bæjarins og stofnana og fyrirtækja sem eru að meirihluta í eigu bæjarins og gilda um allar stöður hjá kaupstaðnum, sem auglýstar eru lausar til umsóknar.


#### 2. gr.

Skylt er, sé þess óskað, að veita almenningi aðgang að upplýsingum um nöfn og starfs- eða stöðuheiti umsækjenda þegar umsóknarfrestur er liðinn.

#### 3. gr.

Ef umsækjandi bindur umsókn sína skilyrði um nafnleynd, skal þegar í stað gera hlutaðeigandi umsækjanda viðvart um að Akraneskaupstaður verður ekki af því bundinn.

Akranesi, 30. janúar 1996.



Gísli Gíslason bæjarstjóri